

Fundur hverfisráðs Öxarfjarðar

Mætt á fundinn:

Árdís Hrönn Jónsdóttir, Brynjar Þór Vigfússon, Charlotta Englund og Sigríður Þorvaldsdóttir.

Dagskrá

1. Umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags fyrir íbúðarsvæði á Kópaskeri.
2. Íslandspóstur, þjónustuskerðing á Kópaskeri.
3. Önnur mál
 - a. Íbúafundur

Fundur settur kl: 20

1. Umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags fyrir íbúðarsvæði á Kópaskeri.

Ráðið gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu.

2. Íslandspóstur, þjónustuskerðing á Kópaskeri.

Hverfisráði bars erindi frá íbúa þar sem farið er fram á að ráðið beiti sér gegn þjónustuskerðingu Íslandspósts á Kópaskeri.

Þann 22. júní 2023 var íbúum Kópaskers tilkynnt að frá og með júlí byrjun yrði allur póstur borinn út í póstbox. Kom það mörgum á óvart í ljósi þess að umrætt tilraunaverkefni hefur ekki verið kynnt í þeirri mynd að allur póstur færi í boxin, heldur voru kynnt fyrirhuguð áform um lokun pósthússins á Kópaskeri og tilkomu póstboxa fyrir pakkasendingar á íbúafundi 29.08.2022 á Kópaskeri. Ekki er hægt að segja að íbúar hafi tekið þeim breytingum fagnandi eins og haldið hefur verið fram í fjölmiðlum.

Þá er því einnig haldið á lofti að Pósturinn hafi undirbúið tilraunaverkefnið í nánú samstarfi við íbúa og sveitarfélagið. Aðkoma sveitarfélagsins að málinu virðist vera takmörkuð og samráð við íbúa staðarins ennþá minni. Því þarf að bæta úr að tilraunatímanum loknum. En nauðsynlegt er að taka tillit til eldri og viðkvæmari hópa samfélagsins og tryggja eftir fremsta megni að sá hópur fá þjónustu við hæfi. En það eiga alls ekki allir aðgang að snjallsíma/tæki, kreditkort, eða hafa færni til að komast á milli staða innan þorpsins allan ársins hring. Hvað þá til Húsavíkur færi pósturinn þangað.

Þá ber einnig að nefna að varasamar aðstæður geta skapast í kringum núverandi staðsetningu póstboxanna ljóst þarf að vera á forræði hvers það er að annast hálfkuvarnir o.þ.h.

Þá eru póstmálin heilt yfir mörgum óljós í dreifbýlinu líka og því tilefni til að taka þau einnig fyrir á íbúafundi með forsvarsmönnum Íslandspóst í vetur.

Hverfisráð hvetur Byggðarráð og Íslandspóst til að tryggja að haldinn verði opinn samsráðsfundur í byrjun næsta árs.

3. Önnur mál

a. Íbúafundur

Ráðið stefnir að því að halda íbúafund í haust.

Fundi slitið kl: 21:10

Undirritunarsíða

Árdís Hrönn Jónsdóttir

Brynjar Þór Vigfússon

Sigríður Þorvaldsdóttir